

Alþingi
Erindi nr. P 123/966
komudagur 16.2.'99

Allsherjarnefnd,
Björn Þorvaldsson.

Umsögn Sálfræðingafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingar á lögum um meðferð opinberra mála.

Sálfræðingafélags Íslands lýsir yfir ánægju sinni með það markmið frumvarpsins, að styrkja réttarstöðu brotþola með því að honum sé tryggður réttur til fá skipaðan löglærðan talsmann. Félagið vill einnig lýsa ánægju sinni með það sem stendur í 18. gr. frumvarpsins, að dómari geti kvatt til kunnáttumann sér til aðstoðar við skýrslutöku þegar brotþoli er undir 18 ára aldri. Félagið leggur áherslu á mikilvægi þess, að þegar tekin er skýrsla af börnum, þá sé leitað til fagaðila sem hafi reynslu af því að tala við börn.

Með vinsemd og virðingu
f.h. Sálfræðingafélags Íslands

Sólveig Ásgrímsdóttir
formaður